

Fundargerð 15. fundar skráningarráðs 10. febrúar kl. 14-16 í Borgartúni 37.

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir, ritstjóri Gegnis og Ragna Steinarsdóttir, ritstjóri efnisorða.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Skemmri skráning – þjónustusamningar
3. OCLC – hverju þarf að breyta í færslum?
4. Leiðrétting á höfðalistum
5. Námskeið í lyklun
6. Efnisorð á ritdóma
7. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. **Skemmriskráningarmál** eru enn á döfinni. Sigrún mætti ekki á fundinn vegna veikinda, en litið var á punkta hennar frá 4. febrúar. Það var samdóma álit fundarmanna að það væri hlutverk Aleflis að móta stefnu um skemmri skráningu og þjónustusamninga. Ekkert hafði heyrst frá stjórn Aleflis.

Ræddur var vandi í skráningarmálum, t.d. á Vestfjörðum en þar er enginn sem hefur heimild til að skrá. Þennan vanda ætti notendafélagið Alefli að taka upp á sína arma.

Það er eindregin skoðun þeirra sem gerst þekkja til að “skemmri skráning” kerfisins sé ónothæf, t.d. er ekki hægt að setja ISBN númer í form fyrir skemmri skráningu í eintakaþætti.

Niðurstöður umræðna um þetta mál voru að nauðsynlegt væri að prufukeyra eitthvert fyrirkomulag.

Biðstaða í þessu máli þar til heyrir frá stjórn Aleflis.

3. Leiðbeinandi listi frá Auði og Fanneyju (í Þjóðarbókhöðdu), um hvernig fara skuli með **OCLC færslur**, lagður fram. Rætt um hvernig nauðsynlegt væri að lagfæra þær og aðlaga íslenskum grunni, þ.e. Gegni. Sumt þarf að þýða og öðru að eyða út úr færslunum, en flestir sammála um að efnisorðum á ensku væri nauðsynlegt að halda einkum á fræðiritum, þar sem við eigum ekki viðeigandi íslenskt fræðiheiti.

Auður tekur að sér að lagfæra og fullgera listann og sendir hann síðan til samþykktar.

4. **Leiðréttingar á höfðalista** eru brýnt mál í Gegni en mjög vandmeðfarið. Eins og háttað hefur verið er hægt að breyta höfði þó að færslur séu læstar ef fólk er með heimildina 40. Setja þarf um þetta skýrar reglur. Tekið var sem dæmi hvort allir skrásetjar á Borgarbókasafni ættu að vinna við leiðréttingarnar eða aðeins sumir þeirra. Ekki hægt að loka fyrir hvern einstakan á safni eftir því sem skilist hefur.

Ragna Steinarsdóttir lagði fram eftirfarandi erindi:

Skrásetjarar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Borgarbókasafns hafa heimild til leiðréttinga í höfðalistum. Söfnin láta skráningarráði í té nöfn skrásetjara sem vinna að slíkum leiðréttingum. Aðrir skrásetjarar geta fengið leyfi, t.d. meðan á átaksverkefnum stendur. Leyfið veitir Landskerfi bókasafna í samráði við stjórnendur verkefna hverju sinni

Tillagan var samþykkt.

5. Efnisorðaráð hefur að undanfögnu unnið að skipulagningu **námskeiðs um lyklun** sem fyrirhugað er að halda í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðu dagana 25. – 27. maí næstkomandi. Ráðið hefur fengið Lois Mai Chan prófessor við School of Library and Information Science, University of Kentucky, sem er þekktur sérfræðingur á sviði efnisgreiningar, til að kenna á námskeiðinu. Líklegt þykir að kostnaður á mann sé á bilinu 20-25 þúsund m.v. þann fjölda sem húsnæðið rúmar. Fyrirhugað námskeið var kynnt á 13. fundi skráningaráðs og var samþykkt. Þykir þetta metnaðarfullt og jákvætt framlag hjá efnisorðaráði.
6. Þóra sendi erindi til efnisorðaráðs: **Efnisorð á ritdóma**. Það gerði hún í sínu nafni og starfi sem skrásetjari en ráðið sendi svar sitt til skráningarráðs. Hún leggur það fram til kynningar og umsagnar og verður það tekið fyrir á næsta fundi.
7. Tekin fyrir ákvörðun skráningarráðs frá síðasta fundi um **skyldur og verklag skrásetjara**.

Hildi Gunnlaugsdóttur og Þórdísi Þórarinsdóttur var falið að koma þeim í orð og lögðu þær fram eftirfarandi erindisbréf : **Skyldur skrásetjara**

Skráning í Gegni er samstarfsverkefni aðildarsafna Gegnis. Bókfræðifærslurnar eru sameign safnanna og bera þau sameiginlega ábyrgð á að skráð sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni.

Skrásetjurum ber að fylgja alþjóðlegum reglum um skráningu bókfræðilegra upplýsinga (AACR2) og framsetningu þeirra samkvæmt MARC 21 bókfræðistaðlinum, með séríslenskum frávikum sem notuð eru í Gegni. Skrásetjurum ber jafnframt að virða samþykktir skráningarráðs Gegnis hverju sinni og vinna samkvæmt þeim.

Samstarf skrásetjara felst m.a. í að tilkynna um villur og/eða galla sem þeir kunna að rekast á í bókfræðigögnunum. Slíkum tilkynningum skal beina til skrásetjara færslunnar og/eða til ritstjóra Gegnis á netfangi gegnir@bok.hi.is.

Þessi tillaga var samþykkt.

Fundi var slitið um kl. 16.